

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 20. mars 2009

Stýrivextir lækkaðir um 1%

Peningastefnunefnd Seðlabankans ákvað á sínum fyrsta fundi í gær að lækka stýrivexti um 100 punkta og standa þeir nú í 17%. Viðskiptaráð fagnar þessari viðleitni bankans enda eru háir vextir meðal alvarlegustu vandamála íslenskra fyrirtækja í dag. Aftur á móti mun þessi vaxtalækkun ekki skipta neinum sköpum fyrir íslensk fyrirtæki og heimili og því eru það viss vonbrigði að ekki skuli hafa verið gengið lengra að þessu sinni. Það er þó von Viðskiptaráðs að lækkunin í gær marki upphaf hraðs vaxtalækkunarferlis þar sem vextir verða lækkaðir ört á næstu vikum og mánuðum. Í þessu sambandi er mikilvægt að fjölga formlegum vaxtaákvörðunardögum, eins og Seðlabankinn hefur þegar gert með fundinum í apríl.

Viðskiptaráð hefur lengi talað fyrir lægri vöxtum enda ljóst að ekkert fyrirtæki getur fjármagnað sig til lengdar á þessum kjörum. Háir vextir eru sérstaklega óþægilegir við núverandi aðstæður þar sem tækifæri til fjármögnunar erlendis eru mjög takmörkuð vegna víðtækra hafta á gjaldeyrismarkaði. Í þessu sambandi minnir Viðskiptaráð á skoðun sína, [Afnám hafta og lækkun vaxta](#).

Um fjárfestingu í atvinnurekstri

Síðustu daga hefur nokkur umræða brotist út vegna ákvörðunar um afkomu og arðgreiðslur fyrirtækja. Þar gætir ákveðinnar einföldunar og stundum ósannngirni, sem því miður er orðin einkennandi fyrir það viðhorf tortryggni sem nú er um of ráðandi gagnvart íslensku atvinnulífi. Viðhorf af þessu tagi geta aðeins verið til skaða, því þau gera fjárfestingu í atvinnurekstri, sem er nauðsynleg viðgangi fyrirtækja og heimila, lítt eftirsóknarverða. Vaxi neikvæðum viðhorfum fiskur um hrygg mun það verða til þess að fjárfesting í atvinnurekstri verði enn síður aðlaðandi.

Þessu til viðbótar er nú umtalsverður fórnarkostnaður af áhættufjárfestingu í fyrirtækjarekstri. Fæst fyrirtæki greiða hluthöfum arð, enda af litlu að taka, og þar sem það er gert er ávöxtun af hlutfé langt innan þess vaxtastigs sem ríkir í hagkerfinu og mun lægri en af ríkistryggðum innlánnum. Um leið virðist blasa við að erlent fjármagn mun ekki leita hingað í ríkum mæli á næstu misserum.

Það er því líklegt að á næstu misserum muni verða skortur á fjármagni til atvinnurekstrar á Íslandi. Það mun koma niður á rekstri fyrirtækja sem þegar eru starfrækt og þeim sprotafyrirtækjum sem vonandi eru við það að koma upp á yfirborðið. Um leið er vegið að tilvistargrunni íslensks efnahagslífs, sem tæpast má við meiru. Þessari þróun þarf að snúa við. Það gerist eingöngu með samstilltu átaki og sátt

aðila vinnumarkaðar og að unnið sé að útistandandir úrlausnarefnum í góðri sátt við erlenda hagsmunaaðila.

Skýr framtíðarsýn – kallað eftir svörum

Eitt brýnasta úrlausnarefnið framundan felst í því að sannfæra íslensku þjóðina og alþjóðasamfélagið um að Ísland sé land tækifæranna. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórnámamenn sýni frumkvæði með því að mála raunhæfa og ákjósanlega framtíðarsýn fyrir landið. Þess vegna er eðlilegt að stefna stjórnámaflokkanna í mikilvægum málaflokkum á borð við Evrópusambandið, framtíðarstefnu í peningamálum og almennra umsvifa hins opinbera í atvinnulífinu liggja fyrir í aðdraganda kosninga í apríl. Stjórnámamenn mega ekki veigra sér við að veita skýr svör við áleitnum spurningum sem varða hag íslensku þjóðarinnar. Krafa þessi kom skýrt fram á árlegu [Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands](#), sem haldið var í síðustu viku undir yfirskriftinni [Endurreisn hagkerfisins – horft til framtíðar](#).

Eitt af því sem mest liggur á að móta er stefna stjórnvalda í utanríkis- og peningamálum, en hún mun ráða miklu um eðli vaxtar og viðgangs íslensks atvinnulífs. Ekki er deilt um að peningastefna síðustu ára hefur beðið skipbrot og það er almenn afstaða atvinnulífsins að þörf sé á öðrum gjaldmiðli. Alþjóðlega viðurkenndur gjaldmiðill sem tekin eru upp í góðri sátt við önnur lönd felur í sér aukin tækifæri til nýsköpunar og uppbyggingar fjölbreyttara atvinnulífs og meiri möguleika á erlendri fjárfestingu. Áframhald á núverandi fyrirkomulagi leiðir aftur á móti til einhæfara og takmarkaðra atvinnulífs. Í þessu sambandi er vart hægt að líta framhjá því að raunverulegir efnahagslegir kostir fylgja aðild að myntbandalagi Evrópu og Evrópusambandinu.

Stjórnvalda bíður einnig það erfiða verkefni að koma jafnvægi á fjármál hins opinbera á næstu árum. Þar eru aðeins tvær leiðir færar: auka skattheimtu og opinbera gjaldtöku eða skera niður útgjöld og hagræða. Aukin skattbyrði er lítt heppileg í núverandi árferði og fyrir því eru einkum tvær ástæður. Í fyrsta lagi eru byrðar nægar fyrir á fyrirtækjum og heimilum. Í öðru lagi leiðir aukin skattbyrði til minnkandi umsvifa og þrengri skattstofna. Sú leið að mæta fjárlagahalla með auknu aðhaldi í opinberum rekstri er mun vænlegri til árangurs, sérstaklega í ljósi þess svigrúms sem hlýtur að hafa skapast í miklum vexti útgjalda á undanförunum árum.

Þá er ljóst að stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf þurfa nú sem aldrei fyrr að róa að því öllum árum að skapa einstaklingum tækifæri til að sinna verkefnum á Íslandi. Það verður best gert með áframhaldandi eignarhaldi einkaaðila á fyrirtækjum, hagkvæmu rekstrar- og skattaumhverfi og áherslu á framsækni og nýsköpun. Þó gagnrýna megi áhættusækni síðustu ára verður áfram að ríkja skilningur stjórnvalda á mikilvægi áræðis, framtaks og metnaðar á öllum sviðum. Án slíkra viðhorfa verður atvinnu- og

efnahagslíf drepið í dróma - fyrirtæki verða ekki til, atvinna verður ekki til og framþróun og hagvöxtur ekki heldur. Við því má Ísland ekki í dag.

Viðskiptaráð kallar eftir skýrum svörum stjórnámálanna við þeim áleitnu spurningum sem tengjast þessum málaflokkum. Vissulega er þægilegt að ganga óbundinn til kosninga, en það væri hreinlega óheiðarlegt gagnvart kjósendum og á skjön við þá lýðræðisvakningu sem nú er krafa um í samfélaginu. Hagsmunirnir eru þjóðarinnar og þá ber að virða.

Eignaumsýslufélag ríkisins – misráðin aðgerð

Viðskiptaráðs Íslands hefur gagnrýnt hugmyndir um stofnun sérstaks eignaumsýslufélags ríkisins allt frá því að sú tillaga var formlega kynnt af samræmingarnefnd um endurreisn bankakerfisins fyrir á árinu. Nú hefur frumvarp um stofnun slíks félags verið lagt fram á Alþingi og stefnir í að áformin verði þannig að lögum innan tíðar.

Að þessu tilefni hefur Viðskiptaráðs ritað umsögn um frumvarpið þar sem hugmyndin er gagnrýnd auk þess sem bent er á vankanta í frumvarpinu og lagðar fram tillögur að því hvernig megi bæta það. Umsögnina má nálgast [hér](#).

Morgunverðarfundur á þriðjudag

Viðskiptaráð Íslands og fastanefnd ESB gagnvart Íslandi og Noregi boða til morgunverðarfundar á þriðjudaginn í næstu viku um áhrif þess að reka sjálfstæða peningastefnu í fjármálakreppu.

Nánari upplýsingar um fundinn og skráningu má nálgast [hér](#).